

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2014

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um opinber fjármál, þingskjal 232 – 206. mál.

BSRB hefur til umsagnar frumvarp til laga um opinber fjármál, þskj. 232, 206. mál. Í frumvarpinu er gerð tillaga um heildstæða umgjörð um opinber fjármál sem leysi af hólmi lög nr. 88/1987 um fjárreiður ríkisins. BSRB tekur undir þau markmið frumvarpsins að stuðla að bættri hagstjórn, vandaðri undirbúning lagasetningar og betri umgjörð opinberra fjármála. Athugasemdir BSRB snúa annars vegar að útgjöldum vegna kjarasamninga og hins vegar skilyrðum um fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.

BSRB hefur af því áhyggjur að í frumvarpinu virðist ekki gert ráð fyrir áhrifum kjarasamninga og verðbólgu með fullnægjandi og óyggjandi hætti.

Í kjarasamningum er oft samið á miðju ári, þegar fjárlög og fjárheimildir stofnana hafa verið samþykktar. Í núgildandi lögum um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 kemur fram í 34. gr. að séu gerðir kjarasamningar sem kveði á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gerðu ráð fyrir skuli haga launagreiðslum í samræmi við hina nýju samninga en leita heimilda Alþingis með fjárukalögum svo fljótt sem kostur er. Í frumvarpinu er ekki að finna sambærilegt ákvæði. Í almennum athugasemdum í frumvarpinu stendur hins vegar að ákvæði frumvarpsins um varasjóði komi í stað 33. og 34. gr. laga nr. 88/1997.

BSRB bendir á að ákvæðum 24. gr. og 26. gr. er ekki fjallað um útgjöld vegna kjarasamninga eins og í núgildandi lögum og ekki er vikið að þeim með nægilega skýrum hætti í athugasemdum við ákvæðin. BSRB telur rétt að taka fram með afdráttarlausum hætti, líkt og í gildandi lögum um fjárreiður ríkisins, hvernig beri að bregðast við auknum útgjöldum vegna kjarasamninga.

Í 1. tl. 7 gr. frumvarpsins kemur fram að yfir fimm ára tímabil skuli heildarjöfnuður ávallt vera jákvæður. Ef því er fylgt mun ríkissjóður sífellt safna meiri fjármunum. BSRB telur betra að langtíamarkmið ríkissjóðs sé að vera nálægt núlli heldur en að skila miklum afgangi eða tapi. Þessu ákvæði mætti því breyta á þann veg að heildarjöfnuður skuli vera jákvæður yfir hvert fimm ára tímabil þar til ákveðnu skuldahlutfalli er náð. Það hlutfall gæti til dæmis verið 5% eða 0%. Í 2. tl. 7 gr. er sú takmörkun sett að skuldahlutfall skuli vera lægri en 45% af landsframleiðslu. Ef að liðir 1 og 3 sömu greinar halda þá fer skuldahlutfallið alltaf batnandi og því er þessi tölulíður óþarfur.

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins skal árlegur halli aldrei vera undir 2,5% af landsframleiðslu. Í 10. grein sama frumvarps kemur fram að heimilt sé að víkja frá fyrrnefndu skilyrði 7. greinar í allt að tvö ár. BSRB hefur af því áhyggjur að þetta skilyrði setji ríkissjóð í of þrönga stöðu til þess að takast á við kreppur líkt og þeirri sem hér varð 2008. Því leggjum við til að í stað þess að slakað sé á 7. grein verði tímabilið sem tekið er fram í 10 grein lengt úr tveimur árum í fjögur.

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri